

AUGLÝSING

58

11. sept.

um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Eftir tillögu forsætisráðherra og samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar hefur forseti Íslands í dag sett eftirfarandi ákvæði um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:

- I. **Forsætisráðherra Ólafur Thors.** Undir hann heyra eftirgreind mál: Stjórnarskráin, Alþingi, nema að því leyti sem öðruvísi er ákveðið, almenn ákvæði um framkvæmdastjórn ríkisins, skipun ráðherra og lausn, forsæti ráðuneytisins, skipting starfa ráðherranna, mál, sem varða stjórnarráðið í heild, hin íslenska fálkaorða og önnur heiðursmerki, Þingvallanefnd og mál varðandi meðferð Þingvalla, ríkisprentsmiðjan Gutenberg og ríkishúsið á Bessastöðum. Sjávarútvegs mál, þar undir Fiskifélagið og fiskimálasjóður, sildarútvegs mál (sildarverksmiðjur og sildarútvegsnefnd), svo og öll önnur atvinnumál, sem eigi eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum. Útflutningsverzlun. Sementsverksmiðjan. Landssmiðjan. Atvinna við siglingar. Stýrimannaskólinn. Skipaskoðun ríkisins. Vitamál. Hafnarmál. Eimskipafélag Íslands h.f.
- II. **Ráðherra Bjarni Benediktsson.** Undir hann heyrir dómaskipan, dóm mál, önnur en félagsdómur, þar undir framkvæmd refsídóma, hegninga- og fanga-hús, tillögur um náðun, veiting réttarfarslegra leyfisbréfa, málflutningsmenn, lögreglumálefni, þ. á m. gæzla landhelginnar, áfengismál, strandmál, sífjaréttarmál, erfðaréttarmál, persónuréttarmál, eignaréttarmál, yfirfjarráðamál, lög um kosningar til Alþingis og kjördæmaskipting, umsjón með framkvæmd alþingiskosninga, ríkisborgararéttur, útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, húsameistari ríkisins, verzlunarmál, sem ekki eru í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum, þar undir verzlunarskólar. Menntamál, þar undir skólar, sem ekki eru sérstaklega undan teknir, útvarpsmál og viðtækjaverzlun, barnaverndarmál, Menntamálaráð Íslands, Þjóðleikhús og önnur leiklistarmál, kvikmyndamál, skemmtanaskattur.
- III. **Ráðherra Eysteinn Jónsson.** Undir hann heyra fjármál ríkisins. Þar undir skattamál, tollamál og önnur mál, er varða tekjur ríkissjóðs, svo sem ef verzlun er rekin til að afla ríkissjóði tekna, undirskrift ríkisskuldabréfa, fjárlög, fjárukaalög og reikningsskil ríkissjóðs, hin umboðslega endurskoðun, embættisveð. Eftirlit með innheimtumönnum ríkisins, laun embættismanna, eftirlaun, lífeyrir embættismanna og ekkna þeirra, peningamál, þar undir peningaslátta. Yfirleitt fer þessi ráðherra með öll þau mál, er varða fjárhag ríkisins eða landsins í heild, nema þau eftir eðli sínu eða sérstöku ákvæði heyri undir annan ráðherra. Hagstofan. Mæling og skrásetning skipa.
- IV. **Ráðherra Ingólfur Jónsson.** Undir hann heyra viðskiptamál, önnur en útflutningsverzlun. Bankar, sparisjóðir, gjaldeyrismál og verðlagsmál. Flugmál, þ. á m. flugvallarekstur. Póst-, síma- og loftskiptamál. Iðnaðarmál, þar undir iðnskólar, iðnaðarnám, iðnfélög. Eftirlit með verksmiðjum og vélum. Einkaleyfi. Enn fremur heilbrigðismál, þ. á m. sjúkrahús og heilsuhæli.
- V. **Ráðherra dr. Kristinn Guðmundsson.** Undir hann heyra utanríkismál, framkvæmd varnarsamningsins, þ. á m. lögreglumál, tollamál, flugmál, heilbrigðis-

58
11. sept.

mál, félagsmál og önnur þau mál, er leiða af dvöl hins erlenda varnarliðs í landinu. Gildir þetta um varnarsvæðin og mörk þeirra. Enn fremur fer hann með vegamál og samgöngur á sjó, sem eigi heyra undir aðra ráðherra samkvæmt úrskurði þessum, svo og önnur samgöngumál, er eigi eru í úrskurðinum falin öðrum ráðherrum.

VI. Ráðherra Steingrímur Steinþórsson. Undir hann heyra landbúnaðarmál, þar undir ræktunarmál, þ. á m. skógræktarmál og sandgræðslumál, búnaðarfélög, búnaðarskólar, garðyrkjuskólar, húsmæðraskólar í sveitum, dýralækningamál, þjóðjarðamál, Áburðarverksmiðjan h.f., Búnaðarbanki Íslands. Enn fremur rafmagnsmál, þ. á m. rafmagnsveitur ríkisins og rafmagnseftirlit, vatnamál, þar undir sérleyfi til vatnsorkunotkunar, jarðboranir eftir heitu vatni og gufu. Nápurekstur. Kaupfélög og samvinnufélög, Atvinnudeild háskólans. Rannsóknarráð ríkisins. Kirkjumál. Félagsmál, þar undir alþýðutryggingar, atvinnubætur, vinnudeilur, sveitarstjórnar- og framfærslumál. Félagsdómur. Almenn styrktarstarfsemi, þar undir styrkveitingar til berklasjúklinga og annarra sjúklinga, sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum, sjúkrasjóðir, ellistyrktarsjóðir, öryrkjasjóðir, slysatryggingasjóðir, lífsábyrgðarsjóðir og aðrir tryggingasjóðir, þar með talið Brunabótafélag Íslands, nema sérstaklega séu undan teknir. Byggingafélög. Veðurstofan. Mælitækja- og vogaráhaldamál.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafundi halda, ef einhver ráðherra æskir að bera þar upp mál. Með úrskurði þessum er úr gildi felldur forsetaúrskurður frá 14. marz 1950, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., og breyting á þeim úrskurði frá 9. október 1951.

Þetta birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Forsætisráðuneytið, 11. september 1953.

Ólafur Thors.

Birgir Thorlacius.

59
17. sept.

FORSETA BRÉF

um að reglulegt Alþingi 1953 skuli koma saman til fundar
fimmtudaginn 1. október 1953.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1953 skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 1. október n. k.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 17. september 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.